



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2011

**Efni: Umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr 116/2006, 839. mál.**

### **I. Almennt**

Vísað er til erindis háttvirtrar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 20. júní s.l. þar sem óskað er umsagnar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

#### **Um efni frumvarpsins.**

Frumvarpið varðar breytingu á núverandi löggjöf um stjórn fiskveiða og varðar fyrst og síðast breytingu á úthlutun aflaheimilda og sölu sjávarafla. Í frumvarpinu eru atriði sem eru skref í átt að jafnræði og taka á samkeppnismismunun í fiskvinnslu sem SFÚ hefur margbent stjórnvöldum á að sé ágalli á núverandi löggjöf.

#### **Um 2. gr. frumvarpsins**

- a) liður: SFÚ gerir athugasemd við að hlutdeild hvers sveitarfélags í heildarafra skuli miðuð við samanlagða hlutdeild skráðra fiskiskipa í sveitarfélaginu við gildistöku laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Það sem var sanngjörn og réttlát úthlutun á árinu 1990, fyrir yfir 20 árum síðan, þarf ekki að vera svo réttlát í dag. Þó svo að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hafi mögulega leitt til byggðaröskunar á sínum tíma er ekki loku fyrir það skotið að tillaga sem fram kemur í þessum lið leiði til samsvarandi röskunar verði snúið til baka á þennan upphafspunkt. Eðlilegra væri að miða við stöðuna eins og hún er í dag eða fara einhvern milliveg á stöðunni í dag og 1990. Sveitarfélag sem hafði litla sem enga útgerð 1990 en hefur mögulega blómlega útgerð í dag yrði fyrir gríðarlegri röskun á atvinnustarfsemi sinni. Sveitarfélag sem misst hefur miklar aflaheimildir frá 1990 hefur mögulega aðlagð sig breyttum aðstæðum og samsetning atvinnustarfsemi einfaldlega breyst. Ennfremur telur SFÚ ákveðna mótssögn vera í 2. og 3. málsgrein greinarinnar.
- b) liður: SFÚ gerir ekki athugasemdir við greinina og tekur ekki afstöðu til þeirra úthlutunarreglna sem boðaðar eru í frumvarpinu. Hins vegar gerir SFÚ athugasemd við orðalag 3. mgr. b liðar þar sem sveitarfélögum er heimilað að selja allt að helmingi aflaheimilda til allt að fimm árum í senn. Telur SFÚ eðlilegra að nota orðalagið leigja í stað selja.
- c) liður: SFÚ gerir ekki athugasemdir við þennan lið.



d) liður: SFÚ lýsir sig í meginatriðum sammála þeirri hugmynd að allur sjávarafli skuli seldur á uppboðsmarkaði. Engu að síður gagnrýnir SFÚ 4. mgr. d liðar er varðar álag á uppboðsverð upp á 10% ef afli er unnin utan þess sveitarfélag sem leigir út aflaheimildirnar. SFÚ bendir á að samkv. b lið 2. gr. frumvarpsins er öllum landsmönnum heimilt að bjóða í aflaheimildirnar og þurfa ekki að greiða álag þó svo að þeir komi frá öðru sveitarfélagi. Fiskistofnarnir eru sameign þjóðarinnar og mismunun sem í þessu ákvæði felst telur SFÚ vera andstæð jafnræðisreglu stjórnarskrár og aðför að atvinnufrelsi manna. Það forskot sem vinnslur í sveitarfélaginu hafa með því einu að þurfa ekki að greiða flutningskostnað á hráefninu milli sveitarfélaga eða landshluta ætti að vera nægilegt til að vinnslan geti starfað. Ef það forskot er ekki nægilegt þá er vinnslan einfaldlega ekki samkeppnishæf.

Um 4. gr. frumvarpsins.

SFÚ gerir ekki athugasemdir við greinina, en bendir á að 40 þús lestir af óslægðum botnfiski er hátt hlutfall af núverandi botnfiskafli og mun án vafa hafa áhrif á ráðgjöf og úthlutaðan heildarafla með beinum eða óbeinum hætti, þrátt fyrir að í greininni sé kveðið á um að strandveiðar reiknist ekki til heildarafla skv. 3. gr.

SFÚ gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins að svo komnu máli.

## II. Annað

Að svo komnu máli hafa SFÚ ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér að lokum rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum, m.a. þá þætti sem undanskildir voru hér að framan.

Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda

---

Elín Björg Ragnarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

